

Samfélagið – verkefni um listir.

1. Sigvaldi Kaldalóns er þjóðþekkt nafn og tengist Grindavík á ýmsan hátt. Notið leitavélar á vefnum og kynnið ykkur:
 - a. Hver var þessi maður?
 - b. Við hvað starfaði hann?
 - c. Fyrir hvað var hann þekktur í Grindavík?
 - d. Hvaða staðir tengjast honum í Grindavík? Farðu á stúfana og taktu myndir.
 - e. Nú skulið þið búa til kynningu um Sigvalda Kaldalóns. Þið getið t.d. skrifað sendibréf, búið til ljóð, búið til glærुकynningu, teiknað myndir eða samið sögu um hann.
2. Ljóðið Góðan daginn Grindvíkingur samdi Örn Arnarson við lag Sigvalda Kaldalóns.
 - a. Finndu lagið á Internetinu og hlustaðu.
 - b. Finntu ljóðið á Internetinu og skoðaðu um hvað það fjallar.
 - c. Skoðaðu uppbyggingu þess og hvort gerð þess sé hefðbundin eða ekki.
 - d. Veltu fyrir þér staðarháttum og örnefnum Grindavíkur sem koma fram í ljóðinu og kynntu þér. Eru einhverjar þjóðsögur tengdar þeim? Ef svo er kynntu þér þá sögurnar.
 - e. Nú megið þið velja ykkur eina þjóðsögu til að vinna með. Þið gætuð t.d. búið til veggteppi, búið til líkan og notað til þess pappír, lím og málingu eða gert myndband.